



Bjarni Guðmundsson¹

Gríður, Jón Dýri og Íhalds-Majorinn

- um nafngiftir dráttarvéla

Það breyttist margt í sveitum með tilkomu dráttarvéla, eða traktoranna eins og flestar þeirra voru kallaðar fram á styrjaldarárin síðari. Framandi veröld blasti við fólki þegar þessi háværðu flykki tóku að krafla sig áfram um torfært land þar sem áður höfðu aðeins tiplað hljóðlátir en fótvisir hestar með byrðar sínar eða drögur. Nýjungin hlaut að kalla margt fram í huga fólks og samræðum, bæði þannig að eldri viðhorf og hefðir færðust yfir á nýjungina og með því að nýir siðir urðu til. Þessi mæri gamla og nýja tímans urðu um margt merkileg. Ýmsar hliðar þeirra hafa varðveist í sögum og munnmælum, sem fæst, að því er virðist ennþá, hafa fengið sérstakan gaum í skráningu né heldur rannsóknnum.

Skrifarinn hefur lagt sig líttillega eftir þessum fróðleik, m.a. sem lið í því starfi hans að vera ábyrgðarmaður Búvélasafnsins á Hvanneyri. Það er nú einu sinni svo að safngripir, t.d. gömul búvél ellegar verkfæri, eru miklum mun verðmætari í augum flestra safngesta fylgi gripunum saga, og sagan þarf helst að vera persónutengd. Þá er líkt og gripirnir öðlist eigið líf. Í nokkru gamni má gefa þessum fræðum heitið búvéla-þjóðfræði.¹

Einn angi búvéla-þjóðfræðinnar eru nafngiftir ýmissa véla, einkum dráttarvéla og annarra stærri verkfæra. Nú er það svo að allar slíkar vélar bera sín verksmiðjuheiti og auðkenni þeim tengd. Hins vegar hefur hér og hvar skotið upp þeirri venju að gefa þessum tækjum staðbundin nöfn, oft eins konar gælunöfn. Má því velta fyrir sér fáeinum spurningum í því efni, m.a.:

- hvað vakti þennan sið?
- hverjar eru ástæður nafngiftanna?
- hvers konar nöfn er hér um að ræða?

¹ Bjarni Guðmundsson er prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands og forstöðumaður Landbúnaðarsafns. Grein þessi birtist áður í veftímariti þáverandi Örnefnastofnunar Íslands: www.nefnir.is Hér er greinin aukin myndum en að öðru leyti eins og áður hafði birst.

Um nokkurt skeið hefur skrifarinn haldið uppi spurnum um nafngiftir búvéla og safnað dæmum um þær. Fráleitt hefur það þó verið gert svo kerfisbundið að kalla megi rannsókn. Það sem safnast hefur gefur þó efni til dálftíllar samantektar í því skyni tvennu að vekja athygli á viðfangsefninu og að hvetja hugsanlega heimildarmenn til þess að láta frá sér heyra.

Hví að gefa vélum (gælu)nöfn?

Nærtæk skýring gæti verið sá siður sem viðgengist hefur um langan aldur varðandi nafngiftir báta og skipa. Lúðvík Kristjánsson gerði grein fyrir honum í ritverki sínu um íslenska sjávarhætti.² Svavar Sigmundsson hefur einnig rannsakað siðinn og gert grein fyrir honum hvað varðar einnig skipanöfn á nútíma.³ Má hjá honum sjá nokkra samsvörun við dráttarvélaheitin, eins og nánar verður komið að.

Nöfn á búfé; hestum, nautgripum og sauðfé, svo og hundum, er hluti af búmenningu þjóðarinnar sem enn lifir góðu lífi. Nöfn metfjár, t.d. góðhesta, festust í vitund samtímans og báru frægð gripanna víða og lengi. Nefna má Hrímfaxa, Freyfaxa, Kinnskæ og Kengálu, auk Sáms Gunnars á Hlíðarenda. Nú urðu dráttarvélnar víða til þess að taka við hlutverki hestanna. Vel kann það að vera ein ástæðan fyrir því að nafngiftasiðurinn hafi færst yfir á arftaka þarfasta þjónsins.

Ástæður nafngiftanna?

Megi marka dæmi um nöfn, sem þegar hafa safnast, virðast ástæðurnar einkum geta verið þrens konar:

Í fyrsta lagi vegna *sérkenna og sérstöðu dráttarvélnanna*. Líklega átti þetta einna helst við á fyrstu árum dráttarvélnanna, á meðan vélnar voru enn fáar og í gerð sinni og vinnubrögðum svo óralangt frá reynsluheimi alls þorra fólks. Nafngiftin var þá með sínum hætti til þess að undirstrika þau firm, sem á ferð voru, og þá undrun er þau vöktu. Dæmi um slíkt nafn er t.d. **Gríður**, sem fyrsta dráttarvélin, er til landsins kom, hlaut árið 1918.⁴ Er frá leið varð hann þó þekktari sem **Akraness-traktorinn**. Ekki heldur gleyma því að nöfn sumra vélnanna (erlendu verksmiðjuheitin) voru ekki beint þjál í munni forfedra okkar.



Þetta er Akraness-traktorinn; hann (hún - dráttarvélin) var kölluð Gríður...

Í öðru lagi sýnist ástæða nafngifta geta verið aðferð til þess að *greina að dráttarvélnar* á bænum, þegar þær voru orðnar tvær eða fleiri, og jafnvel til þess að greina að dráttarvélar sömu tegundar í sama byggðarlagi. Dæmi um þetta gætu verið nöfn eins og **Nýi-Gráni**, **Hvamms-Gráni**, **Litli-Rauður** og **Hóla-Farmallinn**. Nöfnin eru sýnilega gefin á hliðstæðan hátt og hestanöfn.

Í þriðja lagi virðist mega rekja nafngiftaástæður til *góðlegrar sveitarkímni*, sem gjarnan var tengd staðbundnum sögnum, atvikum eða einstaklingum. Þetta er alþekkt útrásarleið löngunar manna, ekki síst í dreifðum byggðum, að hafa nokkra skemmtan af hinu daglega amstri, stundum einnig angi af eðlislægum og saklausum metnaði. Dæmi

um slík nöfn eru **Íhalds-Majórinna**, **Gulltönn**, **Fjárplógur** og **Mublan** (lesendum skal látið eftir að geta sér til um það sem lá á bak við þessi nöfn!).

Eðli nafnanna?

Nafnasafnið sem þegar er orðið til sýnir býsna mikið fjölskrúð, þótt telji aðeins nokkra tugi. Enn er ótímabært að hefja fullnaðarflokkun nafnanna. Hins vegar má gera tilraun til þess að raða þeim saman í nokkra flokka lesendum til frekari glöggvunar:

- a. Nöfn sem tengja saman tíma hesta og véla, svo sem **Rauður**, eða **Gamli-Rauður** (Farmall A) og **Gráni gamli** (Ferguson).
Algeng nöfn áður fyrr að því er virðist.



*Margar dráttarvélar
hlutu nöfn tengd lit þeirra*

- b. Nöfn sem eru stytting úr tegundarheiti vélanna, svo sem **Nalli** (International), **Feggi** (Ferguson), **Kubbur** (Farmall Cub), **Kata** (Caterpillar), **Massi** (MF) og **Keisi** (Case). Frumlegt má telja nafnið **Silla**, sem var viðsnúningur fyrri hluta hins erlenda heitis dráttarvéla (Allis Chalmers) er ruddu „heimilisdráttarvélanum“ braut héraðs árið 1944. Örnefnið **Ómagaskúr** er til á bæ í Árnassýslu, kennt við Hanomag-dráttarvél,⁵ þ.e. að notaðir eru öftustu stafir vélarheitisins! Sennilega eru heiti, sem fella má undir þennan flokk, algengustu dráttarvélanöfnin.
- c. Nöfn sem eru eins konar *blanda hljóðgervingar og íslenskur tegundarheiti*, svo sem **Jón Dýri** (John Deere), **Sámur** (Same), **Jósep** (JCB), **Gemsi** (GMC). Dæmi eru líka um að eftirlíking mótórhjóða dráttarvélar hafi skapað henni viðurnefni, sbr. dráttarvélin **Lemm-lemm** vestur í Reykhólasveit, með díselvél þýskrar gerðar. Heimildarmann minnir að eins-sýlinders Deutz, er hann þekkti, hafi stundum verið nefndur **Bankarinn**. Ungur bóndasonur í Borgarfirði líkti eftir hljóði dráttarvélar sem á bæinn kom: „runn- runn...“, og auðvitað fékk vélin nafnið **Runólfur**.
- d. Nöfn dregin af *nöfnum vætta og ása*, t.d. **Ásapór**, er var merkileg jarðýta í Vestur-Barðastrandarsýslu,⁶ og áður nefnd **Gríður**, fyrsti traktorinn sem til Íslands kom árið 1918. Í þessum flokki er líka heitið **Surtur** er eyfirskur jarðvinnslutraktor bar. **Þorgeirsboli** var vél kölluð er sömu verkefnum sinnti í Suður-Þingeyjarsýslu.
- e. Nöfn dregin af *þekktum persónum*, sem gjarnan tengjast viðkomandi dráttarvél með einum eða öðrum hætti: **Davíð** var dráttarvél sem bóndi í Kjós keypti af Reykjavíkurborg í borgarstjóratíð Davíðs Oddssonar. **Jakobína** var jarðýta vestur á Fjörðum er fékk nafn baráttukonu sem lagði lið við útvegum hennar og **Ingólfur** var dráttarvél í Dýrafirði, úr hópi IH-dráttarvéla sem Ingólfur Jónsson þáv. landbúnaðarráðherra hlutaðist til um að keyptar voru frá Bretlandi, íslenskum bændum til sparnaðar. Vestur á Mýrum hefur verið til sovéska ýtan **Raísa**.

f. Nöfn dregin af uppruna vélarinnar, innlendum eða erlendum: **Kroppur** var dráttarvél keypt frá Kroppi, **Landi** var hins vegar keypt úr Landssveit, en dráttarvélin **Loftur** var keypt í Þingeyjarsýslu.

g. Nöfn sem eru tengd einstökum atvikum, eða aðstæðum, gjarnan kímilegum: **Íhalds-Majórinn** var dráttarvél af gerðinni Fordson-Major í eigu austfirskis bónda sem ekki var vinstri maður en það skapaði honum nokkra sérstöðu í byggðarlaginu. **Mublan** var hins vegar dráttarvél sem sunnlenskur bóndi veitti sér sem afmælisgjöf sjötugum. **Baunin** var svo nafn er smávaxin Bautz-dráttarvél norður á Ströndum hlaut sakir smæðar sinnar samanborið við dráttarvélar á næstu bæjum.

Sjaldnast eru heimildir um nöfnin annað en munnmæli og lauslegar sögusagnir. Dæmi eru þó um ritaðar heimildir, til að mynda um eitt fyrsta og þekktasta íslenska dráttarvélaheitið, **þúfnabani**. Það voru, sem kunnugt er, risavélar til jarðvinnslu, er fyrst komu sumarið 1921, smíðaðar hjá Heinrich Lanz í Mannheim. Sigurður Egilsson frá Laxamýri var annar tveggja fyrstu öikumanna þúfnabanans hérlendis. Hann var í blaðaviðtali spurður um hver gefið hefði þúfnabaninum nafnið; hann svaraði:

....Þegar ég vann við vélina í Reykjavík, borðaði ég á matsöluhúsi þar, er kallað var Hússtjórn (hjá Hólmsfríði Gísladóttur). Margir keyptu þar fæði tíma og tíma (t.d. svokallaðir grasekkjumenn). Voru þarna ýmis gamanmál uppi höfð og fjörugar borðræður. Meðal annara, sem þar borðuðu nokkuð lengi, var Jón Sigurðsson frá Kaldadarnesi. Mun hann fyrstur hafa tekið upp á að kalla mig Sigurð Þúfnabana þar við borðið. En mér tókst að smokra nafninu af mér yfir á vélina.”⁷



*Þúfnabaninn –
Jarðtætarinn frá Heinrich Lanz
fékk fljótlega alíslenskt nafn!*

Skemmtilegt dæmi um það hvernig gælunöfn geta spröttið fram og borist áfram. Sennilega mundum við setja þúfnabana-nafnið í e-flokk hér að framan. Án þess bornar séu brigður á frásögn Sigurðar má geta þess að einungis örfáum dögum eftir komuna til landsins virðist jarðvinnsluvél þessi hafa búin að fá nafnið þúfnabani, ef marka má blaðafregnir.⁸

Nafnið þúfnabani er fremur samnafn en sérnafn, notað yfir eina og áður nefnda gerð landbúnaðarvéla. Skrifaranum virðist hins vegar sem nafnið sé nú á tungu flestra að færast yfir á allar dráttarvélar á járnhjólum. Ástæðan fyrir því er líka athugunarefni.

Siður á undanhaldi?

Tilfinning skrifarans er sú að heldur sé sá siður að gefa dráttarvélum nöfn eða auknefni á undanhaldi. Einnig virðist vera um töluverðan héraðamun að ræða. Til virðast vera þau byggðarlög þar sem nafngiftasiðurinn er nær eða með öllu óþekktur. Gagnasafnið er

þó enn alltof takmarkað til þess að á því megi byggja almennar kenningar þar um. Erlendar heimildir um nafngiftasiðir eru enn fáar. Þó mun siðurinn a.m.k. hafa verið þekktur í Noregi.

Þótt hér hafi nær eingöngu verið fjallað um nafngiftir dráttarvéla og stærri vinnutækja til sveita má minna á að ýmis önnur vinnutæki hafa hlotið nöfn. Má þar t.d. minna á eimreiðina **Bríet**, kolakranann **Hegra**, gámalyftuna **Jaka** og jarðborinn **Jötunn**. Fjöldi bifreiða, m.a. langferðabifreiðar (t.d. **Soffía I-III**) og snjóbílar (t.d. **Bangsi**), hafa fengið nafn með hliðstæðum hætti og hugsanlega af sambærilegum ástæðum og dráttarvélnar. Keppnisbílar torfærumanna virðast yfirleitt bera nöfn (t.d. **Heimasætan**). Loks má minna á einkanúmer bifreiða sem nú hafa rutt sér til rúms og eru oftast en ekki nöfn af einhverju tagi (t.d. **Amma**, **Erpur**). Með sínum hætti eru þetta sennilega angar af sömu nafnfræðinni og þannig hluti af þjóðmenningu okkar sem rétt er að safna, greina og rannsaka. Það getur varpað viðbótarljósi á sögu okkar og menningu.

Höfundur er þakklátur þeim Svavari Sigmundssyni og Jónínu Hafsteinsdóttur hjá Örnefnastofnun Íslands fyrir yfirlestur greinarinnar og verðmætar ábendingar um efni hennar, lagfæringar og viðbætur. Höfundur þiggur allar ábendingar um dráttarvéla- og landbúnaðartækjanöfn ásamt viðeigandi skýringum með þökkum. Bent er á netfangið bjarnig@lbhi.is, og talsímamann 433 5000 og GSM 894 6368.

¹ Í ljósi ríkjandi alþjóðahyggju má enska heitið með ögn einfölduðum hætti: *Folklore on Agricultural Machinery*, skammstafað FOAM. Mega hvert þriggja kallast vinnuheiti!

² Lúðvík Kristjánsson. Íslenskir sjávarhættir, II 1982, bls. 237-239.

³ Svavar Sigmundsson. „Hvernig skal kenna skip?“ (viðtal). Mbl., B5, 16. maí 2001.

⁴ Ásmundur Ólafsson. „Fjalla-Gríður fékk svo mælt...“ Mbl. Lesbók, 1. apríl 2000.

⁵ Svavar Sigmundsson. Í bréfi til höfundar 28.2. 2003.

⁶ Ari Ívarsson. Vélvæðing í Rauðasandshreppi og nágrenni. Handrit í vörslu Búvélasafnsins, 16 bls. 1999.

⁷ Karl Kristjánsson. Sigurður Egilsson frá Laxamýri. Heima er bezt. 17. árg. nóv. 1967, bls. 391.

⁸ Kristinn Snæland. Bílar á Íslandi í myndum og máli 1904-1922, bls. 90.